



# Skrifstofa jafnréttismála

Jafnréttisráð Kærunefnd jafnréttismála

Alþingi  
Erindi nr. P 125/1018

komudagur 13.3.2000

Reykjavík 15. mars 2000

Félagsmálanefnd Alþingis

Vegna mistaka í tölvuvinnslu vantaði tvö atriði í umsögn Karlanefndar Jafnréttisráðs um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Hér fylgir með umsögnin eins og hún á að vera og er \* fyrir framan nýju atriðin tvö.

Með vinsemd og virðingu,

Ólafur Þ. Stephensen,  
formaður Karlanefndar Jafnréttisráðs



# Skrifstofa jafnréttismála

Jafnréttisráð Kærunefnd jafnréttismála

Reykjavík 15. mars 2000

Með bréfi dagsettu 11. febrúar 2000 óskaði félagsmálanefnd Alþingis eftir umögn Karlanefndar Jafnréttisráðs um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Karlanefnd hefur rætt frumvarpið og þykir verulega hafa sigið á ógæfuhliðina frá því frumvarpi sem lagt var fram á 123. löggjafarþingi. Þær athugasemdir sem nefndin gerði þá standa enn en þær voru:

1. Karlanefnd er þeirrar skoðunar að það sé óheppilegt í markmiðssetningunni (d lið) að tala sérstaklega um að bæta stöðu kvenna. Heppilegra hefði verið að tala um að bæta stöðu hvors kyns um sig þar sem á það hallar. Ástæða þessa er meðal annars sú að Karlanefnd telur að verði ekki gripið til aðgerða til að auka þátttöku karla í umönnun barna og heimilis- og fjölskyldustörfum, sé tomt mál að tala um verulega breytingu til bóta á stöðu kvenna. Nefndin er þó vel meðvituð um að slíkar sérstakar aðgerðir muni í flestum tilfellum miða að því að bæta stöðu kvenna

2. Karlanefnd telur að jafnréttismál ættu að heyra undir forsætisráðuneytið.

3. Nefndinni þykir alls ekki koma nógu skýrt fram varðandi fæðingarorlof að þó svo eðlilegt og sjálfsagt sé að taka sérstakt tillit til kvenna af líffræðilegum ástæðum þá megi það ekki verða til að skerða möguleika karla til samvista við barn sitt á fyrstu mánuðum ævi þess. \*Ákvæði jafnréttislaga þessa efnis hafa verið notuð til að réttlæta það að körlum sé synjað um greiðslur í fæðingarorlofi.

Þessu til viðbótar vill nefndin koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

4. Karlanefnd telur að rétt sé að íhuga hvort sú samsetning Jafnréttisráðs sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu þjóni þeim tilgangi sem til var ætlast. Það er nokkuð einkennileg tilhögun að taka vinnumarkaðinn sérstaklega út sem svið Jafnréttisráðs í ljósi þess að málaflókkurinn er miklu víðfemari. T.a.m. má benda á að þó svo flestir séu því sjálfsagt sammála að menntamál skipti miklu varðandi jafnrétti kynja (og raunar er lögð áhersla á það í frumvarpinu) þá er ekki gert ráð fyrir neinu ráði um þann málaflókk eða að fulltrúi uppeldis- og menntageirans komi nokkuð að Jafnréttisráði. Þá er rétt að hafa í huga að ekki er óhugsandi að meira gustaði um

málaflokkinn og hann væri oftár til umræðu á opinberum vettvangi ef ráðið væri kosið pólitískri kosningu

5. Karlanefnd sýnist að vel hafi til tekist varðandi starf umboðsmanns Alþingis og umboðsmanns barna og e.t.v. væri það skynsamleg leið til að auka vægi málaflokksins að skipa umboðsmann jafnréttismála.

6 Karlanefnd Jafnréttiráðs þykir það verulega misráðið að skerða möguleika kærunefndar jafnréttismála til að fara með mál fyrir almenna dómstóla. Miklu frekar hugnast nefndinni sú skipan sem gert var ráð fyrir í því frumvarpi sem lagt var fyrir 123. löggjafarþingið.

\*7. Karlanefnd dregur í efa áhrifamátt þess að skylda öll fyrirtæki og stofnanir með fleiri en 25 starfsmenn til að gera jafnréttisáætlun, að viðlagðri sekt. Nefndin telur vænlegra til árangurs að sérstaklega sé kveðið á um ráðgjafar- og upplýsingahlutverk skrifstofu jafnréttismála gagnvart fyrirtækjum og stofnunum, t.d. þannig að skrifstofan gæti starfrækt upplýsingabrunn með tillögum og fyrirmyndum að því hvernig móta megi áhrifaríka jafnréttisstefnu, sem þjóni hagsmunum bæði fyrirtækis og starfsmanna.

Með vinsemd og virðingu,



Ólafur P. Stephensen,  
formaður Karlanefndar Jafnréttisráðs